

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR SVÍNABÚ

Stjörnugrís hf.
Bjarnastöðum
805 Selfoss

kt. 6006670179

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum og sbr. reglugerð nr. 520/2015 um eldihús alifugla, loðdýra og svína.

Í starfsleyfisskjali¹ skal tilgreina umfang starfseminnar, þ.e. þann fjölda dýra sem heimilt er að halda á búinu á hverjum tíma.

Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum og sér viðeigandi heilbrigðisnefnd um reglubundið eftirlit með rekstrinum.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.
1.1	Starfsleyfisskilyrðin gilda fyrir svínabú með færri en 2.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eða færri en 750 pláss fyrir gyltur. Starfsleyfið er gefið út á grundvelli kennitölu rekstraraðila og staðsetningu starfseminnar. Starfsleyfið fellur úr gildi ef skipt er um húsnæði.	550/2018
1.2	Rekstraraðili skal taka upp innra eftirlit þar sem jafnóðum eru skráðir eftirfarandi þættir starfseminnar: <ul style="list-style-type: none"> • Fjöldi og tegund dýra (holdadýr, foreldradýr og afkvæmi) • Fjöldi sláturdýra og sjálfdaðra dýra, • Dagsett tæming þróa frárennslis, • Tæming hauggeymslna, dagsetning losunar og áætlað magn skíts, • Förgun annars úrgangs sem til fellur og áætlað magns úrgangs, þ.m.t. hræ og lyfjaleifar, • Mengunaróhöpp, • Skráning á frávikum og viðbrögðum við þeim. 	550/2018 8. og 57. gr.

¹ Forsíða starfsleyfis

<p>1.3 Starfsemin skal vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir. Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstrinum að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum sem eiga við um starfsemina sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum og samþykktum sveitarfélaga. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin sé með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hættu af.</p>	550/2018 6. og 56. gr.
<p>1.4 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja fram úrbætur.</p>	Lög 7/1998 reglugerðir nr. 550/2018 61. gr.
<p>1.5 Lyf, lyfjaleifar og hættuleg og varasöm efni skulu geymd í læstri og loftræstri geymslu. Lyfjaleifum og spilliefnum skal jafnóðum komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.</p>	Lög nr. 61/2013, og reglugerðar nr. 888/2015, 737/2003, 806/1999
<p>1.6 Eintak af skilyrðum þessum og viðkomandi lögum og reglum skulu ávallt tiltæk á vinnustað.</p>	550/2018
<p>1.7 Tilkynna skal viðeigandi heilbrigðisnefnd tímanlega ef starfsemi rekstraraðila er lögð niður eða ef breytingar verða á rekstrinum. Útgefandi starfsleyfis metur hvort ástæða sé til endurskoðunar starfsleyfis í ljósi breytinganna. Um endurskoðun starfsleyfiskilyrða fer samkvæmt ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.</p>	550/2018
<p>1.8 Verði eigendaskipti skal nýr rekstraraðili sækja um breytingu á starfsleyfi skv. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Með umsókn um breytingu á starfsleyfi skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.</p>	550/2018
<p>1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.</p>	Lög nr. 55/2012 reglugerð nr. 550/2018 55. gr.
<p>1.10 Um eftirlit með starfseminni fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.</p>	Lög nr. 7/1998 reglugerð nr. 550/2018
<p>1.11 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsaðili birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega á vefsíðum sínum eða með öðrum aðgengilegum hætti.</p>	550/2018

2. MENGUNARVARNIR OG BÚNAÐUR

Rgl.nr.

2.1 Rekstraraðili skal fylgja ákvæðum um góða búskaparhætti.	
2.2 Nota skal lokaða og vökvahelda gáma við tímabundna geymslu dýrahæja og flutning á förgunarstað. Gámana skal þrifa og sótthreinsa eftir tæmingu. Förgun á dýrahæjum er einungis heimil á förgunarstað sem hefur til þess starfsleyfi og að uppfylltum skilyrðum a-liðar 1. gr. reglugerðar nr. 674/2017.	737/2003, 674/2017
2.3 Þess skal gætt að meindýr og vargfugl komist ekki í eldihús, æti, þrær, hauggeymslur og fái hvorki þrifist í né við búið.	941/2002
2.4 Óheimilt er að dreifa skít á stöðum þar sem hann getur mengað læki, ár eða vatnsból. 2.5 Skít skal einungis dreifa á ófrosna jörð og að jafnaði á tímabilinu frá 15. mars til 1. nóvember ár hvert, mest á vorin og snemmsumars þegar jarðvegur og gróður þarf helst á áburði að halda. Við dreifingu skal taka tillit til nálægrar starfsemi og íbúðarhúsa með því að virða hæfileg fjarlægðarmörk og miða við hagstæðar vindáttir þ.e. að sem sjaldnast blási í átt að íbúabyggð. 2.6 Dýraskít, hálm, sag og/eða hey úr búinu skal meðhöndla á þann hátt að ekki skapist smithætta við að nýta afurðina sem áburðarefni að mati Matvælastofnunar né skapist mengunarhætta að mati viðeigandi heilbrigðisnefndar. Við nýtingu skal uppfylla eftirfarandi skilyrði: <ul style="list-style-type: none"> a) Að fyrir liggi samþykkt framkvæmdaáætlun um dreifingu þar sem m.a. kemur fram áætlað magn, dreifingartími, dreifingarstaðir og samþykki landeiganda, sé rekstraraðili ekki eigandi lands, b) Að ekki sé hætta á að dreifing valdi mengun í vatnsbólum eða í yfirborðsvatni, c) Að tryggt sé að dreifing valdi ekki öðrum óþægindum eða ama s.s. vegna lyktar eða óþrifnaðar. d) Að fylgt sé þeim sértæku kröfum sem heilbrigðisnefnd setur dreifingunni s.s. er varða tímatakörk og magn á flatareiningu o.þ.h. sbr. starfsreglur um góða búskaparhætti sem m.a. má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Sé meðhöndlun á skít, hálm og heyi ekki nægjanleg að mati Matvælastofnunar eða heilbrigðisnefndar til að koma í veg fyrir smithættu eða mengun umhverfis skal farga því á viðurkenndan hátt á móttökustað sem hefur til þess starfsleyfi. Sama gildir ef ekki er hægt að nýta meðhöndlaðan skít, hálm og hey samkvæmt liðum a.-d.	737/2003, 796/1999, 787/1999, 804/1999

2.7	Þrifa og sóttþreinsa skal deildir/hólf eldishúsa í hvert sinn sem skipt er um dýrahópa.	787/1999
2.8	Reglulegt viðhald og hreinsun skal vera á loftræstikerfi til að halda góðri virkni þess og svo ryk berist ekki frá eldishúsum.	
2.9	Geymslu skíts skal þannig fyrir komið að ekki sé hætta á útskolun og mengun í vatnsbólum eða í yfirborðsvatni.	737/2003,
2.10	Skítur og mykja skal ekki blandast regnvatni og skal hún flutt í lokuðum kerfum úr eldishúsum í hauggeymslu. Við búið skal vera þétt og vönduð hauggeymsla og skal ekkert frárennsli vera frá henni. Stærð hauggeymslu skal miða við að hægt sé að nýta hauginn sem áburð á skynsamlegan hátt þegar jörð getur tekið við honum eða taka a. m. k. 6 mánaða haug.	796/1999, 804/1999, 520/2015
2.11	Ef ekki mögulegt að geyma skít skv. gr. 2.10 skal flytja skítinn á viðurkennda móttökustöð. Ef fyrirhugað er að nýta skít í jarðgerð á athafnasvæði rekstraraðila, eða á vegum hans utan athafnasvæði búans, þarf að sækja um leyfi til þess til heilbrigðisnefndar.	
2.12	Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal uppfylla skilyrði reglugerðar um fráveitur og skólp.	798/1999
2.13	Af svínabúum getur stafað lyktarmengun. Ef í ljós kemur að loftmengun eða ólykt frá starfseminni veldur fólki á nærliggjandi landareignum óþægindum, er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast sérstakra aðgerða.	Lög nr. 7/1998 og reglugerðir nr.
2.14	Rekstraraðila ber að gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr losun mengandi efna í andrúmsloft svo takmarka megi lyktarmengun frá búinu og óþægindum sem af henni stafa fyrir næstu nágranna sbr. 36. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.	787/1999, 798/1999, 520/2015
2.15	Tryggja skal að rakastig í búunum sé hæfilegt þannig að komið sé í veg fyrir óþarfa útblástur.	
2.16	Fjarlægð á milli eldishúsa og vatnsbóla eða matvælafyrirtækja skal vera í samræmi við 4. gr. reglugerðar nr. 520/2015.	520/2015
2.17	Fjarlægð á milli eldishúsa og annarra eldishúsa íbúðarhúsa skulu vera í samræmi við liði I og IV 6. greinar reglugerðar nr. 520/2015.	
2.18	Við nýbyggingu eldishúsa og við meiriháttar breytingar eða stækkanir á eldishúsum, sem valdið geta óþægindum umfram það sem fyrir er, skal fjarlægð við vatnsból að lágmarki vera 200 m hafi vatnsverndarsvæði ekki verið ákvörðuð.	
2.19	Við aðkeyrslur að húsum skal vera bundið, steinsteypt eða malbikað, yfirborðslag með niðurföllum og lekt malar- og steinefnalag sem skal haldið hreinu af illgresi, rusli og aðskotahlutum á milli og við eldishús.	737/2003
2.20	Á lóðinni skal ekki geyma vélar, tæki eða annan búnað sem ekki er í notkun eða geta valdið óþrifum.	

2.21 Olúgeymar ofanjarðar skulu útbúnir árekstrarvörn og lekavörn skv. ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Um frágang, staðsetningu og uppsetningu olúgeyma skal farið skv. ákvæðum reglugerðar um um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	884/2017
---	----------

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og reglugerð nr. 520/2015 um eldishús alifugla, loðdýra og svína.

Selfossi, xx. xxx. 2023

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

XYZ,
heilbrigðisfulltrúi